

## 6. gr.

90

Umsókn um verðlaun úr sjóði þessum skal senda til hreppsnefndar fyrir 7. sept. árslok, þurfa hverri umsókn að fylgja vottorð tveggja kunnugra og óvilhallra manna, að rjett sje frá skýrt. Hreppsnefndin í Skútustaðahreppi, og það þeirra hjónanna, er á lífi kann að verða, metur hver henni þykir best hafa unnið til verðlauna, og skal þá meira metið áhugi og atorka þess, er efnalítill er og við meiri örðugleika hefir strítt, til þess að koma á endurbótum sínum, heldur en þó jafnmikið — eður nokkru meira — sje unnið af þeim, sem hefir afstöðuna ljettari. Eigi má miða verðlaunin við lengri tíma en síðustu tvö árin.

## 7. gr.

Þyki hreppsnefndinni eigi neinn umsækjenda hafa unnið til þess að hljóta verðlaun, skulu allir vextir fyrir það ár leggjast við höfuðstólinn.

## 8. gr.

Eftir að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefir tekið að sjer umsjón þá, sem henni er falin með skipulagsskrá þessari, beiðast semjendur hennar staðfestingar konungs á hana. Undirritaðir semjendur skipulagsskrár þessarar, eru kjörnir til þess starfa af sjóðsstofnendunum, báðum hjónunum í sameiningu.

Litluströnd, 21. nóvember 1908.

*Jón Stefánsson. Steinþór Björnsson. Sigurður Jónsson.*

**Breyting**

á

**Reglugjörð**

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Dalasýslu.

91

2. ágúst

## 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal hreppsnefndinni falið að hafa eftirlit með því, að hlýtt sje fyrir mælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890, og sjá hundalækni fyrir hæfilega mörgum lækningastöðum í hreppnum.

## 2. gr.

Sýslunefndin ræður áreiðanlegan mann til að framkvæma lækning hunda af bandormum í sýslunni, og safnar hann að sjer hundunum á staði, sem hreppsnefndirnar hafa útvegað hentugasta í hverjum hreppi og tilkynnir það eigendum hundanna með nægum fyrirvara.

**91** Byrja skal lækningarnar í miðjum nóvembermánuði ár hvert og halda 2. ágúst þeim viðstöðulaust áfram, uns allir hundar hafa verið hreinsaðir.

Eigendum hundanna er skylt að flytja þá á lækningarstaðinn og vitja þeirra þangað aftur.

### 3. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn ákveðinn skamt af bandormalyfi og skal lækningunni, að því er snertir inngjöfina og meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og á meðan meðalið er að verka, hagað nákvæmlega eftir fyrirsögn hjeradslæknis. Áður en hundunum er slept baða þá vel, einkum að aftan, úr volgu kreolinvatni eða lýsólvatni.

Hús það, sem hundarnir hafa verið í, skal vandlega hreinsað, og allur saur og ormar grafið 2 álnir í jörðu.

### 4. gr.

Sýslunefndin annast um í tæka tíð, að til sju nægar byrgðir af lyfjum til lækningarinnar, og skal andvirði þeirra greitt úr sýslusjóði.

### 5. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem auðið er á eftir, færa hann þeim manni til lækningar, sem hundalæknir, sje hann utanhrepps, skal setja fyrir sig til þess að lækna þá hunda, sem hafa verið forfallaðir.

Vanræki húsbóndi skyldu sína í þessu, skal álitast að hann hafi skotið hundinum undan lækningu.

### 6. gr.

Lækningamaður skal rita hjá sjer heimili og tölu hundanna af heimili hverju um leið og hann framkvæmir lækninguna, og gefa hreppsnefnd í hverjum hreppi skýrslu um, en hreppsnefndin sendir samhljóða skýrslu fyrir sýslufund til sýslunefndarinnar, sem skal hafa eftirlit með, að hreppsnefndirnar gæti skyldu sinnar samkvæmt reglugjörð þessari.

### 7. gr.

Lækningamanni ber í þóknun fyrir starfa sinn 30 aurar á ári fyrir hvern hund, sem hann lækna. Borgunin greiðist úr sýslusjóði, samkvæmt reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.

### 8. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, brýna það vel fyrir mönnum að grafa niður eða brenna alla sulli eða mein úr sauðfje og mauum, og þá einkum lungna- og lifrarsulli, svo og hausa af höfuðsóttarkindum. Sje ver slunarstað-

ur eða slátrunarhús í hreppnum, eða ef kaupmenn láta reka fje til slátrunar að einhverjum vissum stöðum í hreppnum, skal hreppstjórinn sjá um, að þar sje nákvæmlega gætt fyrir mæla 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890, og kæra fyrir lögreglustjóra, ef út af er brugðið.

## 9. gr.

Vanræki hreppsnefnd, hreppstjóri eða lækningamaður að hlýða þessari reglugjörð, varðar það 2—10 króna sektum eftir málavöxtum.

Sje hundi skotið undan lækningu, eða lækningamanni sýnd óhlýðni eða móþrói við hundalækningar, varðar það 1—10 kr. sekt.

Sektirnar renna í sýslusjóð.

## 10. gr.

Reglugjörð um lækning hunda af bandormum o. fl. í Dalasýslu frá 1. maí 1899 er hjer með numin úr gildi.

Þannig samþykkt á sýslunefndarfundum 5. maí 1909 vottar

Skrifstofu Dalasýslu, 2. ágúst 1909.

*Björn Bjarnarson.*

## Reikningur

92

yfir tekjur og gjöld Fiskiveiðasjóðs Íslands 1908.

### Tekjur:

1. Höfuðstóll 31. desbr. 1907:			
a. Skuldabryf fyrir lánum . . . . .	kr.	81234	94
b. Innistandandi í Íslandsbanka . . . . .	—	28416	85
c. Í vörslum gjaldkera . . . . .	—	1983	47
			kr. 111635 26
2. Vextir á árinu:			
a. Af útistandandi lánum . . . . .	kr.	1753	12
b. — inneign í bönkum . . . . .	—	741	93
			kr. 2495 05
3. Afborganir lána . . . . .	—	12753	32
4. Tillag úr landssjóði . . . . .	—	6000	00
5. Hluti fiskiveiðasjóðs af sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi . . . . .	—	28845	34
6. 10% af útflutningsgjaldi af sild . . . . .	—	10995	20
7. Endurborgað ábyrgðargjald á Heklu . . . . .	—	120	00
			kr. 172844 17